

**Efnagreining vatnssýnis úr holu SW-1 á
Svalbarðseyri**

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-85-02

EFNAGREINING VATNSSÝNIS ÚR HOLU SW-1 Á SVALBARÐSEYRI

Samkvæmt samkomulagi við Hitaveitu Svalbarðseyrar var tekið sýni til efnagreiningar úr holu SW-1 á Svalbarðseyri þann 15. nóvember s.l.

Niðurstöður eru:

Uppleyst efni í jarðhitavatni úr holu SW-1 á Svalbarðseyri

Dags.	Hiti °C	pH/°C	SiO ₂ mg/l	Na mg/l	K mg/l	Ca mg/l	Mg mg/l	CO ₂ mg/l	SO ₄ mg/l	H ₂ S mg/l	Cl mg/l	F mg/l	Heildar- styrkur uppl. efna
841115	54	10,0/21	69,8	43,8	0,58	3,26	≈0	13,5	19,1	<0,05	16,2	0,58	206

Uppleyst súrefni í vatninu mældist 80 ppb (µg/l) á holutoppi, sem er verulega hærra en mældist 1979 (25 ppb). Auk þess eykst súrefni verulega í afloftunartanki og mælist 300 ppb í vatninu eftir að það kemur úr tanknum. Tæringarhætta er því veruleg við nýtingu þessa vatns.

Aðeins eru til fáeinar efnagreiningar af vatninu úr SW-1 og ekki hefur verið tekið vatnssýni síðan 1979. Munur á efnainnihaldi sýnanna er nokkur og virðist bæði klóríðstyrkur og kísilstyrkur hafa lækkað. Venjulega fylgir slíkt kólnun. Hins vegar eru breytingarnar fremur litlar og aðeins eru til efnagreiningar á þessum fáu sýnum svo þetta er ekki talið marktækt.